

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/67/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 532/09/COL frá 16. desember 2009 um sjötugustu og sjöttu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði atvinnu fyrir starfsmenn sem standa höllum fæti og fatlaða starfsmenn, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum.	1
2011/EES/67/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 57/11/COL frá 2. mars 2011 um áttugustu og aðra breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um beitingu ríkisaðstoðarreglna, frá 1. janúar 2011, til stuðnings bönkum í tengslum við fjármálakreppuna	7
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/67/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6414 – Itochu/Tessenderlo Chemie/Siemens Project Ventures/T-Power JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2011/EES/67/04		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6136 – JCI/Automotive Business of Keiper Recaro Group).	15
2011/EES/67/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6225 – Molaris/Commerz Real/RWE/Amprion).	15
2011/EES/67/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6235 – Honeywell/Sinochem/JV)	16
2011/EES/67/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6328 – Socimac/Bolloré/Société d'Exploitation du Terminal de Vridi)	16
2011/EES/67/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6407 – Apache/Mobil North Sea)	17

2011/EES/67/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6408 – EAH/Mitsubishi Electric/Mitsubishi/ETAM)	17
2011/EES/67/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6409 – Gazprom Schweiz/Promgas)	18
2011/EES/67/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6427 – Hermes Europe/Armadillo Holding/B2C)	18
2011/EES/67/12	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer SA.32169 (11/C) (áður 10/N) – LIP – Aðstoð við Volkswagen Sachsen GmbH – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	19
2011/EES/67/13	Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2012 – Önnur aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–2013)	19

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
532/09/COL

2011/EES/67/01

frá 16. desember 2009

um sjötugustu og sjöttu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði atvinnu fyrir starfsmenn sem standa höllum fæti og fatlaða starfsmenn, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.

Vísað er til málsmeðferðar- og efnisreglna á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt stafl. b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna birti 11. ágúst 2009 orðsendingu um viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði atvinnu fyrir starfsmenn sem standa höllum fæti og fatlaða starfsmenn, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum ⁽⁵⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við framkvæmdastjórn EB með bréfi um þetta efni hinn 27. nóvember 2009 (skjal nr. 538332) og EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni 16. október 2009 (skjal nr. 533819, 533835 og 533836).

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og í EES-viðbæti nr. 32 sama dag, bls. 1. Þær nefnast „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrétt gerð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>

⁽⁵⁾ Sjá Stjtið. ESB C 188, 11.8.2009, bls. 6.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að felldur er inn nýr kafli um viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði atvinnu fyrir starfsmenn sem standa höllum fæti og fatlaða starfsmenn, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum. Nýi kafli er birtur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 16. desember 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

Viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði atvinnu fyrir starfsmenn sem standa höllum fæti og fatlaða starfsmenn, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum ⁽¹⁾

1 Inngangur

- 1) Eitt af markmiðum EES-samningsins og EFTA-ríkjanna er að efla atvinnu og framgang félagsmálastefnu ⁽²⁾. Atvinnuleysi, einkum kerfislegt atvinnuleysi tiltekinnna hópa starfsmanna, er viðvarandi vandamál á ákveðnum svæðum í EFTA-ríkjunum. Ríkisaðstoð í formi styrkja vegna launakostnaðar, þar sem með launakostnaði er átt við heildarfjárhæð þá sem aðstoðarþega ber í raun að greiða vegna viðkomandi starfsmanns og felur í sér: a) heildarlaun, fyrir skatta, og b) skylduðgjöld, svo sem almannatryggingagjöld, og c) kostnað vegna umönnunar barna og foreldra („styrkir vegna launakostnaðar“), getur verið fyrirtækjum viðbótarhvat til að fjölga starfsmönnum sem standa höllum fæti og fötluðum starfsmönnum. Markmiðið með slíkri aðstoð er því að hvetja til ráðningar starfsmanna úr þessum markhópum.
- 2) Í kafla þessum er veitt leiðsögn um viðmið þau sem Eftirlitsstofnun EFTA mun beita við mat á ríkisaðstoð í formi styrkja vegna launakostnaðar, sem tilkynna þarf sérstaklega, samkvæmt stafl. h) og i) í 1. mgr. 6. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)*) ⁽³⁾, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn ⁽⁴⁾ („reglugerð um almenna hópundanþágu“ í því sem hér fer á eftir). Leiðsögninni er ætlað að gera rökstuðning Eftirlitsstofnunar EFTA gagnsæjan og auka þannig fjárfjárleika og réttarvissu.
- 3) Leiðsögn þessi gildir um ríkisaðstoð í formi styrkja vegna launakostnaðar starfsmanna sem standa höllum fæti, starfsmanna sem standa mjög höllum fæti og fatlaðra starfsmanna í skilningi 18. mgr. 2. gr., 19. og 20. gr. reglugerðarinnar um almenna hópundanþágu. Allar stakar ráðstafanir, hvort sem um er að ræða sérstaka aðstoð eða aðstoð á grundvelli kerfis, munu heyra undir leiðsögn þessa þegar styrkigildi þeirra er meira en 5 milljónir EUR á fyrirtæki á ári vegna atvinnu starfsmanna sem standa höllum fæti og starfsmanna sem standa mjög höllum fæti („starfsmenn sem standa höllum fæti“ í því sem hér fer á eftir) og 10 milljónir EUR á fyrirtæki á ári vegna atvinnu fatlaðra starfsmanna ⁽⁵⁾.
- 4) Viðmiðum þeim sem sett eru fram í þessari leiðsögn verður ekki beitt á vérlænan hátt. Eftirlitsstofnun EFTA mun takast á hendur mat í réttu hlutfalli við hættuna á samkeppnisröskun og sama gildir um þær upplýsingar sem hún kann að krefjast. Umfang greiningarinnar fer eftir eðli viðkomandi máls.

2 Jákvæð áhrif aðstoðarinnar

2.1 Er markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna fyrir hendi?

- 5) Tilteknir hópar starfsmanna eiga einkum erfitt með að finna vinnu vegna þess að vinnuveitendur telja þá ekki jafn afkastamikla eða eru haldnir fordómum í þeirra garð. Ímynduð eða raunveruleg minni afköst geta annaðhvort stafað af því að nýleg reynsla af vinnu er ekki fyrir hendi (t.d. ef um er að ræða unga starfsmenn eða þá sem hafa lengi verið atvinnulausir) eða vegna varanlegrar fötlunar. Vegna ímyndaðra eða raunverulega minni afkasta starfsmannanna er líklegt að þeir séu útilokaðir frá vinnumarkaði nema vinnuveitendum séu boðnar greiðslur fyrir að ráða þá til sín.
- 6) Félagslega æskilegt er að allir hópar starfsmanna séu virkir á vinnumarkaði. Það getur þýtt að innlendum tekjum verði endurúthlutað til þeirra hópa starfsmanna sem ráðstafanir þessar taka til. Ríkisaðstoð getur orðið starfsmönnum sem standa höllum fæti eða fötluðum starfsmönnum að liði við að komast inn á vinnumarkaðinn eða vera þar áfram þar sem hún stendur straum af kostnaðarauka vegna ímyndaðra eða raunverulega minni afkasta þeirra.
- 7) EFTA-ríkin skulu sýna fram á að aðstoðin muni stuðla að markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna. Eftirlitsstofnun EFTA mun, meðal annars, hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar við greiningu á aðstoðinni:
 - a) fjöldi starfsmanna sem ráðstöfunin tekur til og hópana sem þeir tilheyra,
 - b) atvinnustig meðal þeirra hópa starfsmanna sem ráðstöfunin tekur til á lands- og/eða svæðisvísu og í viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum,
 - c) atvinnuleysi í hópum þeirra starfsmanna sem ráðstöfunin tekur til á lands- og/eða svæðisvísu,

⁽¹⁾ Kafli þessi samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna – Viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði atvinnu fyrir starfsmenn sem standa höllum fæti og fatlaða starfsmenn, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum (Stjtið. ESB C 188, 11.8.2009, bls. 6).

⁽²⁾ Ákvæði 66. gr. EES-samningsins og áfram og 5. gr. bókunar 31 um félagsmálastefnu við EES-samninginn.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3.

⁽⁴⁾ Ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 120/2008 frá 7.11.2008 (Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og EES-viðbætur nr. 79, sama dag, bls. 20), öðlaðist gildi 8.11.2008.

⁽⁵⁾ Vegna sérstaks eðlis þeirra verða stakar ráðstafanir, sem gilda um endurgreiðslu á kostnaðarauka við að ráða fatlaða starfsmenn og kostnaðarauka sem félagsleg fyrirtæki verða fyrir, ef styrkigildi þeirra er meira en 10 milljónir EUR á fyrirtæki á ári, metnar á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Að því er varðar sérstaka aðstoð vegna vinnu starfsmanna sem standa höllum fæti og er minni en 5 milljónir EUR og sérstaka aðstoð við stórfyrirtæki vegna vinnu fatlaðra starfsmanna og er minni en 10 milljónir EUR mun Eftirlitsstofnun EFTA, að breyttu breytanda, beita meginreglunum sem lýst er í þessari leiðsögn, þó ekki jafn nákvæmlega.

- d) sérstaklega afskipta undirhópa innan breiðari hópa fatlaðra starfsmanna eða starfsmanna sem standa höllum fæti.

2.2 *Er ríkisaðstoð viðeigandi stjórnþæki?*

- 8) Ríkisaðstoð í formi styrkja vegna launakostnaðar er ekki eina stjórnþæki sem EFTA-ríkin geta beitt til að hvetja til ráðningar starfsmanna sem standa höllum fæti og fatlaðra starfsmanna. EFTA-ríkin geta einnig gripið til almennra ráðstafana, eins og afsláttar á skatti vegna launakostnaðar og félagslegs kostnaðar, aukinnar fjárfestingar í menntun og þjálfun, ráðstafana til að veita atvinnulausum leiðsögn og ráðgjöf, aðstoð og þjálfun, ásamt umbótum á vinnulöggjöfnni.
- 9) Ef EFTA-ríki hefur hugað að öðrum stjórnþækjum og sýnt hefur verið fram á kosti þess að nota sértækt stjórnþæki á borð við ríkisaðstoð til handa tilgreindu fyrirtæki, er lítið svo á að hlutaðeigandi ráðstafanir séu viðeigandi stjórnþæki. Eftirlitsstofnun EFTA mun einkum hafa hliðsjón af mati á áhrifum fyrirhugaðrar ráðstöfunar sem EFTA-ríkið kann að hafa gripið til.

2.3 *Hvatningaráhrif og nauðsyn aðstoðar*

- 10) Ríkisaðstoð vegna ráðningar starfsmanna sem standa höllum fæti og fatlaðra starfsmanna verður að leiða til þess að aðstoðarþegi breyti háttsemi sinni þannig að aðstoðin verði til þess að starfsmönnum sem standa höllum fæti og fötluðum starfsmönnum í viðkomandi fyrirtæki fjölgi. Starfsmenn sem standa höllum fæti eða fatlaðir starfsmenn, sem eru nýráðnir, ættu eingöngu að fara í ný störf eða störf sem hafa losnað vegna þess að starfsmaður segir starfi sínu lausu, örorku, starfsloka vegna aldurs, sjálfviljugrar styttingar vinnutíma eða lögmætrar uppsagnar fyrir misferli. Störf sem losna vegna uppsagna eiga ekki að falla í skaut starfsmanna, sem greitt er með og standa höllum fæti eða fatlaðra starfsmanna. Því er ekki heimilt að nota ríkisaðstoð til að ráða starfsmenn í stað þeirra sem fyrirtækið fær ekki lengur styrki með og hefur þar af leiðandi verið sagt upp.
- 11) EFTA-ríkin skulu sýna Eftirlitsstofnun EFTA fram á að hvatningaráhrif séu fyrir hendi og að aðstoðin sé nauðsynleg. Í fyrsta lagi verður aðstoðarþegi að hafa lagt inn umsókn um aðstoð til viðkomandi EFTA-ríkis áður en starfsmenn úr hópi þeirra sem ráðstafanir taka til eru ráðnir. Í öðru lagi verður EFTA-ríkið að sýna fram á að greitt hafi verið fyrir aðstoð vegna starfsmanns sem stendur höllum fæti eða fatlaðs starfsmanns í fyrirtæki þar sem ekki hefði orðið af ráðningu án aðstoðar.
- 12) Eftirlitsstofnun EFTA mun, meðal annars, hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar við greiningu á aðstoðinni:
- innahússkjöl aðstoðarþega um launakostnað í tengslum við þá hópa starfsmanna sem ráðstöfunin tekur til þar sem skoðaðir eru tveir valkostir: með aðstoð og án,
 - núverandi eða fyrri styrkir vegna launakostnaðar í viðkomandi fyrirtæki: hópar og fjöldi starfsmanna sem falla undir styrki,
 - árleg starfsmannavelta í þeim hópum starfsmanna sem ráðstöfunin tekur til.

2.4 *Er aðstoðin hæfileg að umfangi?*

- 13) EFTA-ríkið verður að sýna fram á að aðstoðin sé nauðsynleg og að fjárframlagið takmarkist við það sem þarf til að ná fram markmiði aðstoðarinnar.

EFTA-ríkin skulu leggja fram gögn um að aðstoðarfjárhæðin sé ekki meiri en sem nemur hreinum kostnaðarauka við að ráða starfsmenn úr þeim hópum sem ráðstöfunin tekur til samanborið við þann kostnað sem hlýst af því að ráða starfsmenn sem hvorki standa höllum fæti né eru fatlaðir ⁽⁶⁾.

Aðstoðarhlutfallið má, hvað sem öðru líður, aldrei vera hærra en það sem mælt er fyrir um í 40. ⁽⁷⁾ og 41. gr. ⁽⁸⁾ reglugerðarinnar um almenna hópundanþágu. Styrkhæfan kostnað, sem aðstoðarhlutfallið á við, verður að reikna út í samræmi við 40. ⁽⁹⁾ og 41. gr. ⁽¹⁰⁾ reglugerðarinnar um almenna hópundanþágu.

3 *Neikvæð áhrif aðstoðarinnar*

- 14) Ef aðstoð er hæfilega mikil til að á ná fram markmiðinu með henni, er líklegt að neikvæð áhrif verði takmörkuð og greining á neikvæðum áhrifum kann að vera óþörf. Þó er hugsanlegt, í sumum tilvikum, jafnvel þar sem aðstoð er nauðsynleg og hæfileg að umfangi til að tiltekið fyrirtæki geti fjölgað starfsmönnum úr þeim hópum sem ráðstöfunin tekur til, að aðstoðin kunni að leiða til breyttrar háttsemi aðstoðarþegans þannig að umtalsverð samkeppnisröskun hljótist af. Í þeim tilvikum mun Eftirlitsstofnun EFTA gera greiningu á samkeppnisröskun.

⁽⁶⁾ Í hreinum kostnaðarauka er tekið tillit til kostnaðar sem svarar til ráðningar markhópa starfsmanna sem standa höllum fæti eða eru fatlaðir (t.d. vegna minni afkasta) og ávinnings sem aðstoðarþeginn nýtur vegna þessarar ráðningar (t.d. vegna bættrar imyndar fyrirtækisins).

⁽⁷⁾ Aðstoðarhlutfall vegna starfsmanna sem standa höllum fæti má ekki vera meira en sem nemur 50% af styrkhæfum kostnaði.

⁽⁸⁾ Aðstoðarhlutfall vegna fatlaðra starfsmanna má ekki nema meira en sem nemur 75% af styrkhæfum kostnaði.

⁽⁹⁾ Að því er varðar atvinnu starfsmanna sem standa höllum fæti er styrkhæfur kostnaður að hámarki launakostnaðurinn á 12 mánaða tímabili eftir ráðningu. Ef viðkomandi starfsmaður stendur hins vegar mjög höllum fæti, er styrkhæfur kostnaður að hámarki launakostnaðurinn á 24 mánaða tímabili eftir ráðningu.

⁽¹⁰⁾ Að því er varðar atvinnu fatlaðra starfsmanna er styrkhæfur kostnaður launakostnaðurinn á því tímabili sem fatlaði starfsmaðurinn er í vinnu.

Umfang samkeppnisröskunar af völdum aðstoðarinnar getur verið með ýmsu móti, allt eftir eiginleikum aðstoðarinnar og eðli viðkomandi markaða ⁽¹¹⁾.

- 15) Eiginleikar aðstoðar sem kunna að hafa áhrif á hvort samkeppnisröskun sé líkleg, og þá hversu umfangsmikil, eru:
- hversu sértæk ráðstöfunin er,
 - hversu mikil aðstoðin er,
 - gildistími aðstoðar og hvort hún verður endurtekin,
 - áhrif aðstoðar á kostnað fyrirtækisins.
- 16) Aðstoðarkerfi, sem er notað til að hvetja fyrirtæki í EFTA-ríki almennt til að ráða fleiri starfsmenn sem standa höllum fæti eða eru fatlaðir, er t.d. líklegt til að hafa önnur áhrif á markaðinn en mikil aðstoð til einstaks fyrirtækis til að gera því kleift að ráða fleiri starfsmenn úr tilteknum hópum. Í síðarnefnda tilvikinu er líklegt að aðstoðin sé til þess fallin að raska samkeppni umtalsvert meira þar eð geta keppinauta aðstoðarþegans til að eiga í samkeppni minnkar. Samkeppnisröskunin verður enn meiri ef launakostnaður í fyrirtæki aðstoðarþegans nemur umtalsverðum hluta heildarkostnaðar.
- 17) Við mat á eðli markaðarins, sem getur gefið mun betri mynd af líklegum áhrifum aðstoðar, mun Eftirlitsstofnun EFTA meðal annars huga að eftirfarandi:
- uppbyggingu markaðarins,
 - einkennum atvinnugreinarinnar,
 - stöðunni á vinnumarkaði á lands- og héraðsvísu.
- 18) Uppbygging markaðarins verður metin í ljósi samþjöppunar á markaði, stærðar fyrirtækja ⁽¹²⁾, mikilvægis aðgreiningar á vörum ⁽¹³⁾, og aðgangs- og útgönguhindrana. Markaðshlutdeild og hlutfall samþjöppunar verður reiknað út þegar viðkomandi markaður hefur verið skilgreindur. Almennt má gera ráð fyrir að því færi sem fyrirtækin eru, þeim mun meiri sé markaðshlutdeild þeirra og samkeppni að sama skapi minni ⁽¹⁴⁾. Ef viðkomandi markaður er samþjappaður og aðgangshindranir miklar ⁽¹⁵⁾ og aðstoðarþegi er öflugur aðili á þeim markaði, er líklegt að keppinautar verði að bregðast við aðstoðinni með því að breyta háttsemi sinni, t.d. að fresta eða hætta við að setja nýja vöru eða tækni á markað, eða fara alfarið af markaðnum.
- 19) Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig skoða einkenni atvinnugreinarinnar, svo sem hvort umframgeta er fyrir hendi og hvort markaðir í atvinnugreininni fari stækkandi ⁽¹⁶⁾, séu mettaðir eða fari minnkandi. Ef umframgeta í atvinnugrein er fyrir hendi eða ef markaðir eru mettaðir, getur það t.d. aukið hættuna á að aðstoð leiði til óhagræðis og tilfærslu á framleiðslu hjá fyrirtækjum sem hafa ekki starfsmenn, sem greitt er með, í sínum röðum.
- 20) Loks verður ráðstöfunin sett í samhengi við stöðuna á vinnumarkaði, þ.e.a.s., atvinnuleysistölur og atvinnustig, hversu há laun eru og vinnulöggjöfina.
- 21) Styrkir vegna launakostnaðar geta í einstökum tilvikum leitt til samkeppnisröskunar sem fjallað er um í 22. til 27. mgr.

Áhrif staðgöngu og tilfærslu

- 22) Staðgönguáhrif er það þegar störf, sem tiltekinn hópur starfsmanna er ráðinn til að gegna, koma einfaldlega í stað starfa fyrir aðra hópa. Styrkur vegna launakostnaðar sem beinist að sérstökum undirhópi starfsmanna skiptir vinnuafliinu í starfsmenn, sem greitt er með, og starfsmenn, sem ekki er greitt með, og getur valdið því að fyrirtæki losi sig við starfsmenn, sem ekki er greitt með, og ráði í staðinn starfsmenn, sem greitt er með. Þetta gerist vegna þess að hlutfallslegur launakostnaður fyrir starfsmenn, sem greitt er með, og þá, sem ekki er greitt með, hefur breyst ⁽¹⁷⁾.
- 23) Þar eð fyrirtæki með starfsmenn, sem greitt er með, keppa á sömu mörkuðum fyrir vörur eða þjónustu og fyrirtæki með starfsmenn, sem ekki er greitt með, geta styrkir vegna launakostnaðar átt þátt í því að störfum fækki annars staðar í hagkerfinu. Slík staða kemur upp þegar fyrirtæki með starfsmenn, sem greitt er með, eykur framleiðslu sína en þá verður tilfærsla á framleiðslu fyrirtækja með starfsmenn, sem ekki er greitt með, með þeim afleiðingum að aðstoðin ryður burt störfum sem ekki er greitt með.

⁽¹¹⁾ Aðstoðin getur haft áhrif á fjölda markaða af því að áhrif aðstoðarinnar eru ekki nauðsynlega bundin við markaðina þar sem aðstoðarþeginn starfar, heldur geta þau náð til annarra markaða, t.d. aðfangamarkaða.

⁽¹²⁾ Unnt er meta stærð fyrirtækja út frá markaðshlutdeild, svo og veltu og/eða fjölda starfsmanna.

⁽¹³⁾ Því minni sem aðgreining vörunnar er, þeim mun meiri áhrif hefur aðstoðin á hagnað keppinauta.

⁽¹⁴⁾ Á sumum mörkuðum ríkir hins vegar samkeppni þótt þar starfi aðeins fáein fyrirtæki.

⁽¹⁵⁾ Stundum getur aðstoð þó leitt til þess að ný fyrirtæki yfirstígi aðgangshindranir og komist inn á markað.

⁽¹⁶⁾ Áhrif aðstoðarinnar á keppinauta er að jafnaði minni ef stækkandi markaðir eru til staðar.

⁽¹⁷⁾ Staðgönguáhrif af því tagi velta á teygni eftirspurnar eftir vinnuafli, bæði eftir starfsmönnum, sem greitt er með, og þeim, sem ekki er greitt með.

Markaðsaðgangur og -útganga

- 24) Launakostnaður eru hluti eðlilegs rekstrarkostnaðar fyrirtækis. Því er sérlega mikilvægt að aðstoðin hafi jákvæð áhrif á atvinnu en geri fyrirtækjum ekki aðeins kleift að draga úr kostnaði sem þau annars hefðu þurft að standa straum af. Styrkir vegna launakostnaðar draga t.d. úr daglegum kostnaði við framleiðslu og aðgangur að markaði yrði því meira aðlaðandi og fyrirtækjum, sem að öðrum kosti ættu ekki mikla möguleika, gert kleift að koma inn á markaðinn eða kynna nýjar vörur, á kostnað skilvirkari keppinauta.
- 25) Aðgengi að ríkisaðstoð getur einnig haft áhrif á ákvörðun fyrirtækis um að fara af markaði þar sem það starfar þegar. Styrkir vegna launakostnaðar gætu dregið úr tapi og gert fyrirtæki kleift að vera lengur á markaði, en það getur þýtt að önnur, skilvirkari fyrirtæki, sem njóta ekki aðstoðar, neyðist til að fara af markaði í staðinn.

Fjárfestingarhvatar

- 26) Á mörkuðum þar sem styrkir vegna launakostnaðar eru veittir eru fyrirtæki fæld frá því að taka þátt í samkeppni og þau kunna að draga úr fjárfestingum og viðleitni til að auka skilvirkni og nýsköpun. Aðstoðarþegi kann að fresta innleiðingu tækni sem krefst ekki jafn mikils vinnuafns vegna breytingar á hlutfallslegum kostnaði milli mannfrekra framleiðsluáferða og þeirra sem krefjast mikils tæknibúnaðar. Framleiðendur samkeppnisvara eða tengdra vara kunna einnig að draga úr fjárfestingum eða slá þeim á frest. Af því leiðir að heildarfjárfestingar í viðkomandi atvinnugrein minnka.

Áhrif á viðskipti

- 27) Styrkir vegna launakostnaðar á tilteknu svæði geta valdið því að sum landsvæði njóti ávinnings af hagfelldari framleiðsluskilyrðum en önnur. Það getur leitt til þess að viðskipti flytjist til svæða þar sem slík aðstoð er veitt.

4 Jafnvægismat og ákvörðun

- 28) Lokaþrep greiningarinnar er að meta að hve miklu leyti jákvæð áhrif aðstoðar vega þyngra en neikvæð áhrif hennar. Það verður gert í hverju tilviki fyrir sig að því er varðar allar stakar ráðstafanir. Til að vega jákvæð og neikvæð áhrif hver á móti öðrum mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja mat á þau og gera heildarmat á áhrifum þeirra á framleiðendur og neytendur á hverjum markaði fyrir sig. Eftirlitsstofnun EFTA mun, nema greiður aðgangur sé að tölulegum upplýsingum, notast við eigindlegar upplýsingar við matið.
- 29) Eftirlitsstofnun EFTA er líkleg til að taka jákvæðari afstöðu til og fallast þess vegna á meiri samkeppnisröskun ef aðstoðin er bæði nauðsynleg og vel til þess fallin að ná fram markmiðum aðstoðarinnar og ef hún takmarkast við þann hreina kostnaðarauka sem hlýst af því að bæta upp minni afköst þeirra hópa starfsmanna sem ráðstöfunin tekur til.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/67/02

57/11/COL

frá 2. mars 2011

um áttugustu og aðra breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um beitingu ríkisaðstoðarreglna, frá 1. janúar 2011, til stuðnings bönkum í tengslum við fjármálakreppuna

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum ákvæða 61. gr.,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningur um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“), einkum ákvæða 24. gr. og stafl. b) í 2. mgr. 5. gr.

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt stafl. b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber eftirlitsstofnuninni að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Framkvæmdastjórnin samþykkti 1. desember 2010 orðsendingu um beitingu ríkisaðstoðarreglna, frá 1. janúar 2011, til stuðnings bönkum í tengslum við fjármálakreppuna ⁽¹⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við markmið um einsleitni í 1. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ á bls. 11 í XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við EFTA-ríkin með bréfum um þetta efni sem dagsett voru 10. febrúar 2011.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að felldur er inn nýr kafli um beitingu ríkisaðstoðarreglna, frá 1. janúar 2011, til stuðnings bönkum í tengslum við fjármálakreppuna.

Nýi kafllinn er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

⁽¹⁾ Sjá Stjtið. ESB C 329, 7.12.2010, bls. 7.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 2. mars 2011

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Sabine Monauni-Tömördy

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

BEITING RÍKISAÐSTOÐARREGLNA, FRÁ 1. JANÚAR 2011, TIL STUÐNINGS BÖNKUM Í TENGLUM VIÐ FJÁRMÁLAKREPPUNA

1. Inngangur

1. Eftirlitsstofnun EFTA hefur frá upphafi fjármálakreppunnar haustið 2008 samþykkt farnar leiðbeinandi reglur ⁽¹⁾ þar sem er að finna ítarlega leiðsögn um þau viðmið sem ráða því hvort stuðningur ríkisins við fjármálastofnanir samrýmist ⁽²⁾ kröfum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“). Umræddir kaflar í leiðbeinandi reglunum fjalla um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum sem gerðar eru vegna fjármálastofnana ⁽³⁾ („Leiðbeinandi reglur um bankastarfsemi“), endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu ⁽⁴⁾ („Leiðbeinandi reglur um endurfjármögnun“), meðferð virðisrýrðra eigna innan bankakerfisins á EES-svæðinu ⁽⁵⁾ („Leiðbeinandi reglur um virðisrýrðar eignir“) og um endurnýjað rekstrarhæfi og mat á ráðstöfunum til endurskipulagningar í fjármálafyrirtækjum í yfirstandandi kreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð ⁽⁶⁾ („Leiðbeinandi reglur um endurskipulagningu“). Í þrennum þessara leiðbeinandi reglna, um bankastarfsemi, endurfjármögnun og virðisrýrðar eignir, koma fram skilyrði fyrir því hvort helstu gerðir aðstoðar sem EFTA-ríkin veita – skuldaábyrgðir, endurfjármögnun og ráðstafanir til endurskipulagningar eignasafna – samrýmist EES-samningnum, en í leiðbeinandi reglum um endurskipulagningu er gerð ítarleg grein fyrir því hvað endurskipulagningaráætlun (eða rekstrarhæfisáætlun) verður að fela í sér í sérstöku samhengi ríkisaðstoðar við fjármálastofnanir vegna kreppunnar á grundvelli stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. Í öllum fjórum köflum leiðbeinandi reglnanna er lögð áhersla á að einungis sé unnt að fallast á þess háttar aðstoðarráðstafanir tímabundið. Í hverjum kafla segir að aðeins sé unnt að réttlæta slíkar aðstoðarráðstafanir sem neyðarviðbrögð við áður óþekktu álagi á fjármálamörkuðum og þá aðeins í þann tíma sem þessar óvenjulegu aðstæður ríki. Leiðbeinandi reglur um endurskipulagningu gilda um aðstoð til endurskipulagningar sem er tilkynnt eigi síðar en 31. desember 2010 en hinar leiðbeinandi reglurnar eru ekki háðar neinum tímamörkum.

3. Í þessum leiðbeinandi reglum eru settar fram forsendur fyrir því að einungis sé unnt að fallast tímabundið á aðstoð við banka vegna kreppunnar frá og með 1. janúar 2011.

2. Áframhaldandi beiting ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og framlengdur gildistími leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu

4. Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð við banka vegna kreppunnar, svo og allar einstakar ákvarðanir um aðstoðarráðstafanir og -kerfi sem falla undir gildissvið þeirra leiðbeinandi reglna, eru samþykktar á lagalegum grundvelli stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem í undantekningartilvikum heimilur aðstoð til að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi EFTA-ríkis. Þegar kreppan stóð sem hæst lék ekki vafi á að skilyrðinu um alvarlega röskun hefði verið fullnægt á öllu EES-svæðinu með hliðsjón af óvenjulegu álagi á fjármálamörkuðum, en síðar varð samhliða óvenju alvarlegur samdráttur í raunhagkerfinu.

5. Efnahagsbatinn, sem hægt og bítandi hefur náð að festa sig í sessi frá því snemma árs 2010, hefur komist á meira skrið en búist var við fyrir á árinu 2010. Þótt efnahagsbatinn sé enn ótryggur og dreifist ekki jafnt yfir EES-svæðið hefur hagvöxtur í einstaka ríkjum verið hófsamur eða jafnvel allnokkur. Staða bankakerfisins hefur einnig batnað þegar á heildina er litið í samanburði við stöðuna fyrir einu ári, þótt sé sums staðar sé hún ótrygg. Af þeim sökum er ekki jafn augljóst og á fyrri stigum kreppunnar að alvarleg röskun hafi orðið á efnahagslífi EFTA-ríkjanna. Eftirlitsstofnun EFTA gerir sér grein fyrir þessari framvindu en hún telur enn, af ástæðum sem koma fram í þessum leiðbeinandi reglum, að skilyrðunum fyrir því að ríkisaðstoð hljóti samþykki samkv. stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sé fullnægt með hliðsjón af þeirri ólgu sem aftur hefur gert vart við sig á fjármálamörkuðum og hættu á víðtækum, neikvæðum smitáhrifum.

6. Sú spenna sem hefur aftur gert vart við sig á mörkuðum fyrir ríkisskuldur sýnir svo ekki verður um villst að áframhaldandi óstöðugleiki ríkir á fjármálamörkuðum. Vart hefur orðið við ótta á mörkuðum við smitáhrif vegna hinna miklu, gagnkvæmu tengsla og innbyrðishæðis í fjármálageiranum á EES-svæðinu. Hinn mikli óstöðugleiki sem ríkir á fjármálamörkuðum og óvissa um efnahagshorfur réttlæta að EFTA-ríkin geti fært rök fyrir því að nauðsynlegt sé að þau geti, í neyðarskyni, gripið til aðstoðarráðstafana vegna kreppunnar á grundvelli stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽¹⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB) í því sem hér fer á eftir L 231 3.9.1994, bls. 1, og í EES-viðbæti nr. 32 sama dag, bls.1. Leiðbeinandi reglunum var síðast breytt 17.12.2008 („Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“). Dagrætt gerð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

⁽²⁾ Til hagræðis fyrir lesandann er í skjali þessu einfaldlega vísað til fjármálastofnana sem „banka“.

⁽³⁾ Ákvörðun 28/09/COL frá 29.1.2009.

⁽⁴⁾ Ákvörðun 28/09/COL frá 29.1.2009.

⁽⁵⁾ Ákvörðun 191/09/COL frá 22.4.2009.

⁽⁶⁾ Ákvörðun 472/09/COL frá 25.11.2009.

7. Leiðbeinandi reglur um bankastarfsemi, endurfjármögnun og virðisrýrðar eignir, sem veita leiðsögn um þau viðmið sem ráða því hvort aðstoð við banka vegna kreppunnar á grundvelli staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, einkum í formi ríkisábyrgða, endurfjármögnunar og ráðstafana til endurskipulagningar eignasafna, samrýmist EES-samningnum, verða því að vera til staðar lengur en til 31. desember 2010. Jafnframt verða Leiðbeinandi reglur um endurskipulagningu, sem lúta að eftirfylgni við slíkar stuðningsráðstafanir, einnig að gilda fram yfir þá dagsetningu. Tímamörk Leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu, hinar einu leiðbeinandi reglnanna fjögurra sem falla úr gildi á tilteknum degi, 31. desember 2010, ætti því að framlengja þannig að þau gildi um aðstoð til endurskipulagningar sem er tilkynnt fyrir 31. desember 2011.
8. Hins vegar ber að aðlaga leiðbeinandi reglurnar í því skyni að undirbúa skiptin yfir í aðstoðarkerfi sem tekur við að kreppunni lokinni. Samhliða verður að semja nýjar, fastar reglur um ríkisaðstoð vegna björgunar banka og endurskipulagningar við eðlilegar markaðsaðstæður og ættu þær að gilda frá 1. janúar 2012, ef markaðsaðstæður leyfa. Meta verður hugsanlega, áframhaldandi og óvenjulega ríkisaðstoð við fjármálageirann með það markmið í huga. Setja verður fram skilyrði sem slík aðstoð þarf að fullnægja til að samrýmist EES-samningnum á þann hátt að sem best verði búið í haginn fyrir hið nýja aðstoðarkerfi vegna björgunar og endurskipulagningar banka á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3. Hvernig miðar að afnema aðstoð

9. Þótt aðstoð samkvæmt staflíð b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins verði áfram tiltæk vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna ætti það ekki hindra afnám tímabundinna aðstoðarráðstafana til handa bönkum. Efnahags- og fjármálaráðið komst að þeirri niðurstöðu á fundi sínum 2. desember 2009 að nauðsynlegt væri að móta áætlun, sem væri bæði gagnsæ og samræmd meðal aðildarríkja ESB, um að hætta aðstoð í áföngum til að komast hjá neikvæðum smitáhrifum, en að taka bæri tillit til mismunandi aðstæðna í aðildarríkjunum. (7) Í niðurstöðunum segir enn fremur að þegar leggja eigi niður ýmiss konar aðstoð við banka í áföngum ætti, að meginreglu, að byrja á því að draga úr ríkisábyrgðum, hvetja trausta banka til að standa á eigin fótum og stuðla að því að aðrir bankar taki á eigin veikleikum.
10. Eftirlitsstofnun EFTA mun hér á eftir greina frá hvernig unnt er að afnema í áföngum ráðstafanir að því er varðar endurfjármögnun og virðisrýrðar eignir.

3.1. Strangari skilyrði fyrir því hvort ríkisábyrgðir samrýmist stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

11. Eftirlitsstofnun EFTA mun, frá 1. janúar 2011, beita strangari skilyrðum við að kveða upp úr um hvort ríkisábyrgðir samrýmis stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með því að leggja á aukði ábyrgðargjald og gera kröfu um að fyrir liggja rekstrarhæfisáætlun fyrir aðstoðarþega sem fá nýjar ábyrgðir og fara yfir tiltekið hámark útistandandi heildarskulda sem njóta ábyrgðar, bæði á tölulegum grundvelli og í samhengi við heildarskuldur. (8) Þessi skilyrði virðast nauðsynleg sem stendur ef tekið er mið af núverandi markaðsaðstæðum. Því er unnt að heimila ríkisábyrgðakerfi til 30. júní 2011 á grundvelli eftirfarandi skilyrða sem voru innleidd 1. janúar 2011. Eftirlitsstofnun EFTA mun endurmeta skilyrðin, sem þarf að uppfylla til að ríkisábyrgðir sem eru veittar eftir 30. júní 2011 samrýmis EES-samningnum, á fyrri helmingi ársins 2011.

3.1.1. Verðskilyrði

12. Aðgangur að ríkisábyrgðum hefur verið háður gjaldi sem er ákvarðað eftir tilmæli frá Seðlabanka Evrópu. Þegar um er að ræða skuldabréf til eins árs felur gjaldið í sér 50 grunnpunkta flatt gjald sem ofan á bætist miðgildi skuldtryggingarálags hvers banka á fimm ára skuldabréfakröfum þeirra á tímabilinu 1. janúar 2007 til 31. ágúst 2008. (9)
13. Lánsáhættuþátturinn í núverandi verðlíkani byggir á gögnum sem eru frá því áður en kreppan varð hvað alvarlegust á árinu 2008. Munurinn á skuldtryggingarálagi banka er nú umtalsvert meiri en hann var fyrir kreppu og líklegt að svo verði áfram. Fram til þessa hefur þetta verið talið nauðsynlegt til að auðvelda aðgang banka að utanaðkomandi fjármagni og standa þar með vörð um fjárhagslegan stöðugleika. Hins vegar er ekki tekið tillit til þróunar á fjármálamörkuðum í tvö ár eftir 31. ágúst 2008, m.a. breytinga á lánstöðu banka. Aðgangur að fjármögnun á markaði hefur almennt batnað, en bankar með lækkað lánshæfismat njóta enn ávinnings af því lánshæfismati sem þeir höfðu fyrir kreppu og skynjuðu lánstrausti. Þetta eykur líkurnar á samkeppnisröskun. Fram kemur í gögnum að bankar með lágt lánshæfismat njóta hlutfallslega mun meiri ávinnings af ábyrgðum en bankar með herra lánshæfismat af því að þeir myndu að jafnaði greiða herra markaðsverð vegna lágs mats þeirra.
14. Til þess að unnt sé að taka á þessari röskun verður verðlagning á stuðningi ríkisins að vera nær núverandi aðstæðum á markaði og endurspegla betur núverandi lánstraust einstakra banka. Þetta þýðir í raun að hækka verður ábyrgðargjaldið sem stofnanir sem njóta aðstoðarinnar verða að greiða.

(7) Leiðtoga ráð Evrópubandalaganna lýsti yfir stuðningi sínum við þessar niðurstöður á fundi 11. desember 2009. Jafnframt ítrekaði Evrópuþingið í ályktun sinni frá 9. mars 2010 um skýrsluna um stefnu í samkeppnismálum 2008 (<http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&language=EN&reference=P7-TA-2010-0050>) að ekki ætti að framlengja lengur en þurfa þætti ríkisaðstoð við fjármálastofnanir og gera ætti áætlanir um útgöngu eins fljótt og auðið væri.

(8) Með sveigjanleikaákvæði sem gerir kleift að endurmeta stöðuna og viðeigandi ráðstafanir ef fjármálamarkaðir á EES-svæðinu eða í einu eða fleiri EFTA-ríkjum yrðu fyrir nýju, alvarlegu áfalli.

(9) Um nánari upplýsingar sjá http://www.ecb.int/pub/pdf/other/recommendations_on_guarantees.pdf.

15. Samræmd nálgun EFTA-rikkanna ætti að stuðla að því að ábyrgðakerfi verði afnumin í áföngum en jafnframt að ákveðnum sveigjanleika verði viðhaldið til að unnt sé að hafa hliðsjón af mismunandi stöðu EFTA-rikkanna og banka þeirra. Í þessu skyni telur Eftirlitsstofnun EFTA rétt að innleiða lágmarkshækkun á ábyrgðargjaldinu en hún ætti að vera mismunandi eftir lánstrausti þess banka sem fær aðstoðina. Aðgreining sem byggir á lánstrausti styrkir verðhugmyndir fyrir banka sem standa hallari fæti, hún gerir kleift að samræma betur verð á ábyrgðum og áhættustöðu stofnunarinnar sem fær aðstoð og dregur þannig úr röskun á samkeppni milli stofnana og stuðlar að því að staðinn sé vörður um jafnræði milli banka á innra markaðnum.
16. Með samþykki um að framlengja ábyrgðarkerfi⁽¹⁰⁾ lengur en til 1. janúar 2011 þyrfti gjaldið fyrir ríkisábyrgð⁽¹¹⁾ því að vera hærra en gjaldið samkvæmt verðlagningaraðferðinni, sem Seðlabanki Evrópu mælti með í október 2008, sem nemur að minnsta kosti:
- 20 grunnpunktum að því er varðar banka með lánshæfismat A+ eða A⁽¹²⁾,
 - 30 grunnpunktum að því er varðar banka með lánshæfismat A-⁽¹³⁾, og
 - 40 grunnpunktum að því er varðar banka með lánshæfismat undir A-. Litið verður svo á að bankar án lánshæfismats tilheyri flokki banka með lánshæfismat BBB.⁽¹⁴⁾
17. EFTA-ríkin eiga kost á því að ganga lengra en lágmarkskröfur gera ráð fyrir þegar þau ákvarða viðbæturnar á ábyrgðargjaldið. Eftirlitsstofnun EFTA gæti fallist á aðra aðferð við útreikning á hækkun gjaldsins, sem veitti EFTA-ríkjunum aukinn sveigjanleika til að laga skilyrðin að þeim kringumstæðum sem ríkja í fjármálaheiminum þeirra, að því tilskildu að unnt væri að sýna fram á það með óyggjandi hætti að þessi aðferð leiddi að minnsta kosti til þeirrar lágmarkshækkunar sem kemur fram hér að framan að því er varðar viðkomandi banka.⁽¹⁵⁾

3.1.2. Mat á rekstrarhæfi banka sem eru enn háðir ríkisábyrgðum á skuldum

18. Eins og markaðsaðstæður hafa nú þróast, er aðgangur banka að lausafé á mörkuðum ekki alvarleg hindrun þegar á heildina er litið, eins og var þegar kreppan stóð sem hæst. Þar af leiðandi virðist réttlætjanlegt að innleiða aðgreiningu á þeim skilyrðum sem eru bundin við notkun ríkisábyrgða á grundvelli þess í hve miklum mæli bankar reiði sig á þær. Þótt unnt væri að heimila takmarkaða notkun án þess að það kallaði á frekari athugun, ætti meiri notkun, bæði á tölulegum grundvelli og í samhengi við heildarskuldur bankans, að virkja kröfu um að gera mat á rekstrarhæfi að forsendu fyrir því að framlenging ábyrgðarkerfa samrýmist stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ef banki lendir ítrekað í vandræðum með að afla verulegs hluta nauðsynlegrar fjármögnunar án ríkisábyrgða getur það bent til þess að ekki sé tiltrú á að hann sé rekstrarhæfur til lengri tíma litið. Forðast ber að banki reiði sig um of á ábyrgðarkerfi sem voru útfærð til að glíma við áður óþekkta erfiðleika við að afla fjár, jafnvel þegar þessar óvenjulegu aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi, og gera bankanum þar með hugsanlega kleift að fresta nauðsynlegum skipulagsbreytingum.
19. Eftirlitsstofnun EFTA telur því rétt að ábyrgðarkerfi sem á að framlengja fram yfir 1. janúar 2011 feli í sér hámark varðandi hlutfallið milli útistandandi heildarskulda sem njóta ábyrgðar og heildarskulda banka og varðandi algilda fjárhæð skulda sem njóta ábyrgðar. Ef farið væri yfir það hámark myndi það kalla á mat á rekstrarhæfi. Þegar banki óskar eftir ríkisábyrgðum samkvæmt kerfi sem tekur til nýrra eða endurnýjaðra skulda, sem verða gefnar út frá og með 1. janúar 2011 og leiða til þess að heildarfjárhæð útistandandi, ábyrgðra skuldar fer yfir þetta hámark eða helst yfir því í tengslum við báða þættina (algilt umfang og hlutfallslegt),⁽¹⁶⁾ þarf viðkomandi EFTA-ríki að senda Eftirlitsstofnun EFTA mat, þar sem sýnt er fram á að langtímahorfur bankans séu góðar, innan þriggja mánaða frá því að ábyrgðin var veitt.
20. Kerfi þetta gildir ekki um banka sem þegar er byrjað að endurskipuleggja eða þurfa að leggja fram áætlun um endurskipulagningu eða bíða eftir því að mat verði gert á rekstrarhæfi þeirra á umræddum tíma. Í þessum sviðsmyndum verður að taka tillit til viðbótarríkisaðstoðar inna ramma yfirstandandi endurskipulagningar eða mats á rekstrarhæfi.⁽¹⁷⁾

⁽¹⁰⁾ Að jafnaði er gerð krafa um svipað ábyrgðargjald vegna einstakra tilkynninga um ríkisábyrgðir utan aðstoðarkerfis. Ef aðstoðarþega hefur verið gert skylt að fara í endurskipulagningu og unnt er að réttlæta lægra gjald eftir aðstæðum í hverju tilvikinu verður að taka tillit til þessa fráviks við heildarmat á endurskipulagningunni og nauðsynlegum ráðstöfunum til að sem minnst samkeppnisröskun verði.

⁽¹¹⁾ Þetta nær til ábyrgða sem ná yfir skuldbindingar til eins árs eða skemur.

⁽¹²⁾ Eða A1 og A2, eftir því hvaða matskerfi er notað.

⁽¹³⁾ Eða A3, eftir því hvaða matskerfi er notað.

⁽¹⁴⁾ Þegar um ræðir mismunandi mat frá mismunandi matsfyrirtækjum ætti gjaldið að reiknast út frá því mati sem hærra er. Tíminn sem gildir um matið við ákvörðun ábyrgðargjaldsins er sá dagur þegar ábyrgðin er veitt í tengslum við sérstaka skuldabréfaútgáfu aðstoðarþega.

⁽¹⁵⁾ T.d. nýtt viðmunartímabil skuldatryggingaálags sem kveðið er á um í tilmælum Seðlabanka Evrópu frá október 2008 sem sýnt hefur verið fram á að leiði að minnsta kosti til hækkunar um 20 grunnpunkta að því er varðar banka með matseinkunnina A+ og A, 30 grunnpunkta að því er varðar banka með matseinkunnina A- og 40 grunnpunkta að því er varðar banka með matseinkunn undir A-.

⁽¹⁶⁾ Matið fer fram þegar EFTA-ríki fær umsóknareyðublað um viðurkenningu á ábyrgðum fyrir útgáfu nýrrar eða endurnýjaðrar skuldar frá og með 1. janúar 2011 og tekur til fjárhæðar skuldarinnar sem umbeðnar ábyrgðir eiga að ná yfir, svo og allra útistandandi ábyrgðra skuldbindinga í tengslum við heildarskuldbindingar/efnahagsreikning á þeim tiltekna tíma. Útistandandi skuldbindingar sem eru umfram hámark vegna útgáfu fyrir 1. janúar 2011 kalla ekki á mat á rekstrarhæfi nema bankinn gripri til útgáfu nýrra skulda sem halda ábyrgðum skuldbindingum yfir hámarkinu.

⁽¹⁷⁾ Ef banki sætir t.d. þegar mati á rekstrarhæfi vegna endurfjármögnunar og farið er yfir hámark ábyrgða, verður að rýmka matið þannig að það taki til ástæðna þess að bankinn reiði sig enn á ríkisábyrgðir, feli í sér greiðsluhæfispróf og greini hvort og að hvaða marki frekari notkun ríkisábyrgða er fyrirhuguð.

21. Hámarkið er ákveðið 5% af hlutfallinu milli útstandandi, ábyrgðra skulda og heildarskulda, og heildarfjárhæð ábyrgðra skulda er ákveðin 500 milljónir EUR. Hámark þetta er fundið á grundvelli samanburðargreiningar sem sýnir að mikill meirihluti banka, sem nota ábyrgðir og hefur sem stendur ekki verið gert skylt að endurskipuleggja rekstur sinn (jafnvel stór hluti þeirra banka sem slík skylda hvílir á herðum), er talsvert fyrir neðan þetta mark. Að því er varðar lítinn, en þó ekki óverulegan, hóp banka sem fer yfir þessi mörk er réttlæt看legt að athuga hvort sú staðreynd að þeir reiða sig umtalsvert á ábyrgðir vegna fjármögnunar bendi til þess að veikleiki í rekstrarlíkani þeirra sé fremur kerfislægs eðlis. Þetta sjálfkrafa ferli er bönkum, sem búa við traustan rekstur, hvatning til að leita sem fyrst að mestallri eða allri fjármögnun á markaðsskilmálum þar sem samkeppnisröskun er ekki fyrir hendi. Þegar bankar ganga í gegnum ítarlegt mat verður rekstrarhæfi þeirra til langs tíma annaðhvort staðfest eða upp koma efasemdir þar að lútandi sem benda til að nauðsynlegt sé að takast á hendur viðtækari endurskipulagningu.
22. Í tengslum við upplýsingarnar sem þarf að veita við mat á rekstrarhæfi, má vísa til Leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu þar sem fram kemur að meginreglur varðandi greiningu á stöðu banka, í því skyni að endurheimta rekstrarhæfi til lengri tíma innan ramma áætlunar um endurskipulagningu, gildi með hliðstæðum hætti í tilvikum þar sem á aðstoðarþega hvílir ekki formleg skylda að leggja fram áætlun um endurskipulagningu, en honum ber eigi að síður skylda að sýna fram á rekstrarhæfi til lengri tíma. Bankinn verður einkum að sýna fram á að fjármögnunargeta hans sé styrk og, ef nauðsyn krefur, verður hann að gangast undir álagspróf á greiðsluhæfi. ⁽¹⁸⁾ Við mat á rekstrarhæfi skal einnig hafa hliðsjón af öllum þáttum sem eiga sérstaklega við um fjármálastofnanir sem njóta aðstoðar ⁽¹⁹⁾ eða um viðkomandi EFTA-ríki ⁽²⁰⁾ og stöðunni á fjármálamörkuðum þess sem hafa áhrif á mat á rekstrarhæfi og á leiðbeinandi virði hlutfallsins milli skulda, sem njóta ábyrgðar, og heildarskulda. Almenna reglan er sú að því meir sem fyrirtæki reiðir sig á ríkisábyrgðir og því meir sem það tengist annars konar ríkisaðstoð og/eða litlu lánstrausti, ⁽²¹⁾ þeim mun fleiri vísbendingar eru um að breyta þurfi rekstrarlíkaninu til að tryggja rekstrarhæfi til lengri tíma.
23. Kerfið sem kallar eftir því að rekstrarhæfi verði metið sendir þau boð að bankar verði að búa sig undir að hverfa aftur til eðlilegra markaðstengdra aðferða án ríkisaðstoðar þegar fjármálafyrirtæki hefja sig smám saman upp úr kreppunni og það er einstökum stofnunum hvatning til að verða ekki jafn háðar ríkisábyrgðum eða til að hætta alfarið að nýta sér þær. Jafnframt er það nægilega sveigjanlegt til að unnt sé að hafa tilhlýðilega hliðsjón af hugsanlega mismunandi aðstæðum sem hafa áhrif á stöðu banka eða landsbundinna fjármálamarkaða og það tekur einnig tillit til þess að fjármálastöðugleiki kunnir að versna þegar á heildina er lítið, en á þessu stigi er ekki unnt að útiloka slíkt vegna þess hve batinn á fjármálamörkuðum er enn hægur.
- 4. Greinarmunur ekki lengur gerður á bönkum, sem búa við traustan rekstur, og illa stöddum bönkum í tengslum við áætlun um endurskipulagningu**
24. Við upphaf kreppunnar gerði Eftirlitsstofnun EFTA greinarmun á ótraustum/illa stöddum fjármálastofnunum annars vegar og fjármálastofnunum, sem standa traustum fótum, hins vegar, það er að segja fjármálastofnunum sem glíma við eigin skipulagsvanda sem t.d. tengist rekstrarreikningi þeirra eða fjárfestingastefnu og fjármálastofnunum sem glímdu við vanda sem að öllu eða miklu leyti var afleiðing óvenjulegra aðstæðna í fjármálakreppunni fremur en þess hvort rekstrarlíkan þeirra var traust, óskilvirkni eða óhóflegar áhættusækni. Munurinn er einkum skilgreindur á grundvelli nokkurra markaðsvísa sem koma fram í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun: eiginfjárröfur, núverandi skuldatryggingaálag, núverandi mat á bankanum og framtíðarhorfur, svo og, m.a., hlutfallslegt umfang endurfjármögnunarinnar. Varðandi hið síðarnefnda telur Eftirlitsstofnun EFTA að aðstoð, sem fengin er í formi endurfjármögnunar og ráðstafana til endurskipulagningar eignasafna og er meiri en sem nemur 2% af áhættuvegnum eignum bankans, sé visir til að gera greinarmun á bönkum, sem standa traustum fótum, og illa stöddum bönkum. Þegar endurfjármagna á illa staddan banka þarf að senda Eftirlitsstofnun EFTA áætlun um endurskipulagningu en þegar endurfjármagna á banka, sem stendur traustum fótum, þarf að leggja fram rekstrarhæfisáætlun.
25. Upphafleg rök fyrir því að gera þennan greinarmun og ákveða margvíslega vísa, m.a. 2% hámark á áhættuvegnar eignir banka, var óttinn við að fjármagnsþörfin sem til varð vegna virðisrýrnunar, aukinna væntinga markaðarins að því er varðar eiginfjárstöðu banka og tímabundinna erfiðleika við að afla fjár á mörkuðum myndi annars verða til þess að bankar, sem standa traustum fótum, myndu draga úr útlánum sínum til raunhagkerfisins til þess að koma í veg fyrir að þeir þyrftu að leggja fram áætlun um endurskipulagningu þegar þeir nýttu sér fjármuni ríkisins. Bönkum reynist þó nú ekki jafn erfitt að afla fjár á mörkuðum eða fyrir tilstilli óráðstafaðs eigin fjár ⁽²²⁾ og þeir geta því fullnægt eiginfjárbörf sinni án þess að ríkisaðstoð komi til. ⁽²³⁾ Fjármálastofnanir öfluðu

⁽¹⁸⁾ Leiðbeinandi reglur um endurskipulagningu, 8. gr. og 2. undirkafl, vísa einnig til skyldra undirkafla í 40. gr. Leiðbeinandi reglna um endurfjármögnun og V. viðauka Leiðbeinandi reglna um virðisrýrðar eignir.

⁽¹⁹⁾ Þar með talið, m.a., herra hlutfall ábyrgðra skulda sem skýrist af sérstakri viðleitni til að halda uppi eða auka lánveitingar til raunhagkerfisins í almannabágu og með stuðningi viðkomandi EFTA-ríkis, að því tilskildu að slíkt háttalag samrýmist innri markaðnum.

⁽²⁰⁾ Að teknu fullu tilliti til þjóðhagslegrar stöðu EFTA-ríkisins almennt, einkum þátta sem hafa bein áhrif á skilmála banka í því EFTA-ríki fyrir aðgangi að fjármögnun, eins og hættunnar á að ríkið standi ekki við skuldbindingar sínar.

⁽²¹⁾ Eins og fram kemur í mati á aðstoðarþeganum eða í skuldatryggingaálagi hans.

⁽²²⁾ Til að auka eigið fé umfram lágmark hafa bankar ákveðið að selja eignir sem eru ekki hluti af kjarnastarfsemi, s.s. hlutabréf í framleiðslufyrirtækjum, eða einbeita sér að tilteknum landsvæðum. Sjá í þessu sambandi rit Seðlabanka Evrópu, *EU Banking Sector Stability*, september 2010.

⁽²³⁾ Eiginfjárrhlutfall banka jókst umtalsvert, þegar á heildina er lítið, á árinu 2009 í öllum aðildarríkjum ESB, að því er fram kemur hjá Seðlabanka Evrópu. Að auki benda upplýsingar fyrir úrtak stórra banka í Evrópusambandinu til þess að eiginfjárrhlutfall hafi farið batnandi á fyrri helmingi 2010 vegna aukins óráðstafaðs eigin fjár, svo og frekari öflunar fjármagns á einkamarkaði og vegna eiginfjárframlaga af opinberu fé til nokkurra banka. Sjá rit Seðlabanka Evrópu, *EU Banking Sector Stability*, september 2010.

umtalsvert meira fjár á mörkuðum á árunum 2009 og 2010 og er það til marks um betra aðgengi fjármálastofnana að fjármagnsmörkuðum, svo og um væntingar um nýjar lögbundnar kröfur. ⁽²⁴⁾

26. Greinarmunurinn sem gerður er á bönkum, sem standa traustum fótum, og illa stöddum bönkum virðist ekki lengur skipta máli við ákvörðun um hvaða bankar ættu að hefja viðræður við Eftirlitsstofnun EFTA um endurskipulagningu. Af þessum sökum ætti að skylda banka, sem á árinu 2011 njóta enn atbeina ríkisins við að afla fjár eða vegna ráðstafana í tengslum við virðisrýrðar eignir, til að senda Eftirlitsstofnun EFTA áætlun um endurskipulagningu þar sem fram kemur að bankinn sé staðráðinn í að grípa til nauðsynlegrar endurskipulagningar og verða rekstrarhæfur á ný án ónaúðsynlegra tafa. Frá og með 1. janúar 2011 verða því allir sem njóta aðstoðar í formi nýrrar endurfjármögnunar eða ráðstafana í tengslum við virðisrýrða eign að leggja fram áætlun um endurskipulagningu. ⁽²⁵⁾
27. Við mat á þörf banka fyrir endurskipulagningu mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til sértækrar stöðu einstakra stofnana, að hvaða marki slík endurskipulagning er nauðsynleg til að endurheimta rekstrarhæfi án frekari ríkisaðstoðar, svo og til þess hvort þeir hafi áður reitt sig á ríkisaðstoð. Almenna reglan er sú að því meir sem banki hefur reitt sig á ríkisaðstoð, þeim mun ákveðnari vísbending er það um að þörf sé á viðtækri endurskipulagningu til að tryggja rekstrarhæfi til lengri tíma. Að auki verður við hvert einstakt mat höfð hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu sem er á mörkuðum og viðeigandi sveigjanleiki verður viðhafður við beitingu reglurammans um endurskipulagningu ef til kemur alvarlegt áfall sem stofnar fjárhagslegum stöðugleika eins eða fleiri EFTA-ríkja í hættu.
28. Að krefja banka, sem njóta skipulagsaðstoðar (það er að segja endurfjármögnun og/eða ráðstafanir í tengslum við virðisrýrðar eignir), um áætlun um endurskipulagningu – á sama tíma og viðurkennt er að notkun endurfjármögnunarábyrgða myndi ekki kalla á framlagningu áætlunar um endurskipulagningu – sendir þau boð að bankar verði að búa sig undir að hverfa aftur til edlilegra markaðstengdra aðferða án ríkisaðstoðar þar eð fjármálastarfsemi hefur smám saman verði að rétta úr kútnum. Þetta er hvatning til einstakra stofnana sem enn þurfa aðstoð til að hraða nauðsynlegri endurskipulagningu. Jafnframt veitir það nægilegan sveigjanleika til að unnt sé að hafa tilhlýðilega hliðsjón af hugsanlega mismunandi aðstæðum sem hafa áhrif á stöðu banka eða landsbundinna fjármálamarkaða. Slíkt tekur einnig tillit til þess að fjármálastöðugleiki, bæði á þegar á heildina er litið og í tilvikum einstakra landa, kunnir að versna en nú er ekki unnt að útiloka slíkt vegna þess hve batinn á fjármálamörkuðum er enn hægur.

5. Tímamörk, almennar horfur

29. Áframhaldandi beiting ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og framlengdur gildistími leiðbeinandi reglna um endurskipulagningu verður frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011. ⁽²⁶⁾ Einnig ber að líta á þessa framlengingu við breyttar aðstæður í samhengi við stigvaxandi umskipti yfir í fastara kerfi leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð um björgun og endurskipulagningu banka á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem ætti að gilda frá og með 1. janúar 2012, leyfi markaðsaðstæður það.

⁽²⁴⁾ Í framtíðarreglugerðarumhverfi sem Basel-nefndin um bankaefirlit (BCBS), svokallað Basel III, er vörðuð leið fyrir framkvæmd nýrra reglna um eigið fé sem ættu að gera bönkum kleift að uppfylla nýja eiginfjárbörf með tímanum. Í þessu samhengi er áhugavert að geta þess, í fyrsta lagi, að flestir stærstu bankar í Evrópusambandinu hafa styrkt eigið fé sitt umfram lágmark á síðustu tveimur árum til að auka getu sína til að mæta tapi og, í öðru lagi, ættu aðrir bankar í Evrópusambandinu að hafa nægan tíma (til ársins 2019) til að byggja upp eigið fé sitt umfram lágmark með því að nota, t.d., óráðstafað eigið fé. Þess ber einnig að geta að í „bráðabirgðaráðstöfunum“ í nýja reglurammanum er kveðið á um „aðlögunartímabil“ til 1. janúar 2018 að því er varðar núverandi eiginfjárframlag af hálfu hins opinbera. Enn fremur bendir meginlegt mat á áhrifum, sem Basel-nefndin framkvæmdi og framkvæmdastjórnin staðfesti með útreikningum sínum, til fremur hófsamra áhrifa á útlán banka. Þess vegna er þess ekki vænst að nýjar eiginfjárkröfur hafi áhrif á tillöguna sem er lýst í þessum leiðbeinandi reglum.

⁽²⁵⁾ Þetta á við um alla endurfjármögnun eða ráðstafanir í tengslum við virðisrýrðar eignir, óháð því hvort þær eru stakar ráðstafanir eða hluti kerfis.

⁽²⁶⁾ Núverandi eða ný aðstoðarkerfi fyrir banka (óháð þeim stuðningstækjum sem þau fela í sér: ábyrgð, endurfjármögnun, greiðsluhæfi, endurskipulagningu eignasafns, eða annað) verða aðeins framlengd/samþykkt fyrir sex mánaða tímabil til að unnt sé að gera frekari breytingar á miðju ári 2011, ef nauðsyn krefur.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/67/03

(mál COMP/M.6414 – Itochu/Tessenderlo Chemie/Siemens Project Ventures/
T-Power JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. desember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bresk-velska fyrirtækið Power Kerstel Limited („Kerstel“), dótturfélag í einkaeigu hins japanska Itochu Corporation („Itochu“), belgíska fyrirtækið Tessenderlo Chemie N.V. („TC“) og hið þýska Siemens Project Ventures GmbH („SPV“), dótturfélag hins þýska Siemens AG („Siemens“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í belgíska fyrirtækinu T-Power N.V. („T-Power“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Itochu/Kerstel: eignarhaldsfélag fyrirtækja sem starfa í margvíslegum atvinnugreinum, m.a. að orkuverkefnum
 - TC: framleiðsla á sérnotavörum
 - Siemens/SPV: fjárfestingar í og þróun stórra verkefna á sviði grunnvirkja, m.a. framleiðsla á tækjabúnaði fyrir raforkugeirann
 - T-Power: framleiðsla og heildsala á rafmagni í Belgíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 361, 10. desember 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6414 – Itochu/Tessenderlo Chemie/Siemens Project Ventures/T-Power JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/04**
(mál COMP/M.6136 – JCI/Automotive Business of Keiper Recaro Group)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 16. júní 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6136. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/05**
(mál COMP/M.6225 – Molaris/Commerz Real/RWE/Amprion)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 23. ágúst 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6225. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/06**
(mál COMP/M.6235 – Honeywell/Sinochem/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6235. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/07**
(mál COMP/M.6328 – Socimac/Bolloré/Société d'Exploitation du Terminal de Vridi)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 9. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6328. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/08**
(mál COMP/M.6407 – Apache/Mobil North Sea)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6407. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/09**
(mál COMP/M.6408 – EAH/Mitsubishi Electric/Mitsubishi/ETAM)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 30. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6408. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/10**
(mál COMP/M.6409 – Gazprom Schweiz/Promgas)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6409. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/67/11**
(mál COMP/M.6427 – Hermes Europe/Armadillo Holding/B2C)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6427. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ríkisaðstoð – Þýskaland**2011/EES/67/12****Málsnúmer SA.32169 (11/C) (áður 10/N) – LIP – Aðstoð við Volkswagen Sachsen GmbH****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Þýskalandi, með bréfi dagsettu 13. júlí 2011, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 361, 10.12.2011, bls. 17). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2012**2011/EES/67/13****Önnur aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–2013)**

Auglýst er eftir umsóknum undir fyrirsögninni „Heilbrigðismál – 2012“ á grundvelli annarrar aðgerðaáætlunar Evrópubandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–2013) ⁽¹⁾.

Auglýsingin skiptist í eftirtalda hluta:

- auglýsingu um tillögur um styrki vegna sértækra aðgerða í mynd verkefna,
- auglýsingu um tillögur um styrki vegna sértækra aðgerða í mynd ráðstefnuhalds,
- auglýsingu um tillögur um styrki til starfsemi sjálfstæðra stofnana og sérhæfðra neta (rekstrarstyrki),
- auglýsingu þar sem aðildarríkin og þátttökuríki eru hvött til að leggja fram tillögur um sameiginlegar aðgerðir.

Tekið verður við umsóknum samkvæmt hverjum hluta fyrir sig til 9. mars 2012.

Unnt er að nálgast allar upplýsingar, meðal annars ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. desember 2011 um starfsáætlun ársins 2012 í tengslum við framkvæmd annarrar aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–2013), og um viðmið sem ráða vali umsókna, styrkveitingum og öðrum atriðum í tengslum við fjárframlög til aðgerða samkvæmt áætluninni ⁽²⁾, á vefsetri framkvæmdastofnunar heilbrigðis- og neytendamála (EAHC): <http://ec.europa.eu/eahc>

⁽¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1350/2007/EB frá 23. október 2007 um að koma á fót annarri aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–2013) (Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 3).

⁽²⁾ Sjá Stjtið. ESB C 358, 8.12.2011, bls. 8